

## **Framlenging á rammamningi**

milli Sjúkratrygginga Íslands (Sjúkratryggingar), kt. 650309-0220 og ljósmæðra eða fyrirtækja þeirra (hér eftir hvort um sig nefnd verksali), sem fengið hafa samþykki Sjúkratrygginga til að starfa samkvæmt samningi um þjónustu ljósmæðra vegna fæðinga og umönnunar sængurkvenna í heimahúsum, dags. 15. september 2021, sbr. síðari breytingar, er hér með framlengdur til og með 30. júní 2024.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á ofangreindum samningi:

Við bætast eftirfarandi greinar:

### **20. gr. Samstarf**

Samkomulag um samstarf verður gert um sameiginleg málefni í þjónustu ljósmæðra vegna fæðinga og umönnunar sængurkvenna í heimahúsum. Nefndina mynda tveir fulltrúar frá Sjúkratryggingum og tveir fulltrúar frá Félagi Heimþjónustuljósmæðra. Ljósmæður geta óskað eftir að málefni verði tekin til umfjöllunar í nefndinni. Niðurstöðum nefndarinnar skal eftir atvikum vísað til samninganefnda aðila.

### **21. gr. Upplýsingakerfi**

Ljósmóður ber að nota stöðluð upplýsingakerfi vegna starfseminnar (þ.m.t. tímabókanir, reikningagerð og sjúkraskrá) sem byggir á stafrænum samskiptum við Sjúkratryggingar og eftir því sem unnt er við notendur.

Stýrikerfi og hugbúnaður sem tengjast kerfum Sjúkratrygginga verða að vera uppfærð og í stuðningi frá framleiðanda. Tölvubúnaður sem notaður er til að tengjast kerfum Sjúkratrygginga verður að vera með öryggisvörnum sem uppfærðar eru með nýjustu viðbótum hverju sinni. Hugbúnaður sem notaður er til að þróa tengingar við kerfi Sjúkratrygginga verður að vera uppfærður og í stuðningi frá framleiðanda. Miðlun gagna í samskiptum við kerfi Sjúkratrygginga verður að vera dulrituð og taka mið af lágmarkskröfum sem gilda um slík samskipti hverju sinni. Nánari skilmálar eru í umsókn um aðgengi að kerfum Sjúkratrygginga.

Ljósmóður ber að hýsa sjúkraskrárgögn sín í hýsingarumhverfi sem rekið er með stjórnkerfi upplýsingaöryggis. Samningur við ytri hýsingaraðila skal vera skriflegur. Í samningi skal meðal annars kveðið á um öryggisafritun gagnanna og ákvæði sem gerir lækni kleift að færa gögn yfir til annars hýsingaraðila þannig að ekki verði rof á aðgengi að gögnunum. Sé hýsingarumhverfi rekið af starfsheild skal gera samning við hæfan aðila um öryggisafritun.

11. gr samningsins orðast svo:

**11. gr.**

**Þagnarskylda og persónuvernd**

Ljósmóðir skal gæta þagnarskyldu um allt það er hún verður vör við í starfi sínu og leynt á að fara. Öllum veitendum heilbrigðisþjónustu og starfsmönnum þeirra ber að fara með persónuupplýsingar í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og tryggja áreiðanleika upplýsinga, sbr. lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Að öðru leyti framlengist gildandi samningurinn óbreyttur til 30. júní 2024.

Reykjavík 28. desember 2023

Samkomulag þetta er undirritað með rafrænum hætti